

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

www.kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk
Hjálpum börnum heimsins.

Stefnumótun

2011-2016

Efnisyfirlit.

- 1 Almennt**
- 2 Inngangur.**
- 3 Núverandi staða.**
- 4 Innri greining.**
- 5 Ytri greining.**
- 6 Styrkur, veikleikar, ógnanir, tækifæri.**
- 7 Framtíðarsýn.**
- 8 Stefnumótun forgangsverkefni.**
- 9 Framkvæmdaáætlun.**



1. Almenn

Hlutverk, gildi, skilgreining og einkunnarorð Kiwaniishreyfingarinnar.

Meginhlutverk:

Að bæta heiminn með samtakamætti styrktarverkefna um allan heim

Helstu gildi:

- Að framfylgja markmiðum Kiwanis International eins og þau birtast hverju sinni
- Klúbbarnir eru grundvöllur félags- og styrktarstarfs hreyfingarinnar.
- Þjónusta við börn, um heim allan er forgangsverkefni.
- Hreyfingin skal vera opin fyrir mismunandi skoðunum og skoðanaskiptum.
- Svári þörfum félaganna eins og þær birtast á hverjum tíma.

Skilgreining:

Kiwanis er alþjóðasamtök sjálfbóðaliða sem hafa að markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna.

Einkunnarorð Kiwanis:

Hjálpum börnum heimsins.

Kjörorð Kiwanisumdæmisins Ísland - Færeyjar

2010 - 2011 Efling, kraftur, áráði-ábyrgðin er okkar

2011 - 2012 Margar hendur vinna létt verk

2. Inngangur.

Kiwaniishreyfingin þarf stöðugt að endurmeta sig til þess að vera eins öflug og kostur er á hverjum tíma. Tímar breytast og samkeppni um félag er orðin mikil. Til þess að halda því sem áorkast hefur og gera betur, þarf að gera stefnumótun fyrir starfsemi hreyfingarinnar og takast á við verkefnið með breyttum áherslum sem byggja á því sem vel hefur verið gert og vera óhrædd við að gera hlutina öðruvísi. Kiwanishreyfingin hefur verið að gera góða hluti og stuðlað að mannrækt og sinnt ýmsum aðkallandi líknarmálum. En markmiðum er aldrei náð að fullu og þarf því sífellt að halda áfram, finna nýjar leiðir og betrubæta það sem hefur verið gert í ljósi breyttra tíma og fenginni reynslu.

Stefnumótun er öllum holl. Henni er ætlað að kryfja verkefnið á breiðum grundvelli, skilgreina vandamál, finna lausnir og setja ramma um framkvæmd. Allir

embættismenn eiga að vita til hvers er ætlast af þeim og hvernig þeir eiga að starfa. Þannig verður til ein heild sem vinnur að sameiginlegu markmiði sem hreyfingin setur sér á hverjum tíma.

Skilgreina þarf verkefnin, vita hverjir eiga að vinna þau og ná sátt um niðurstöðurnar. Til þess að svo geti orðið þarf að setja tímaáætlun og hverjir eiga að samþykkja niðurstöður og síðan vinna eftir þeim.

Hér verður stiklað á ýmsum þáttum hreyfingarinnar og starfi hennar, og hverju þarf að taka á til þess að stefna framá við. Ýmsar tillögur sem settar verða hér fram þarf að ræða og skoða til að endanleg sátt verði um niðurstöður og framkvæmd.

3. Núverandi staða.

Á heildina litið er núverandi staða umdæmisins nokkuð góð. Starfið er öflugt, verkefnin fjölbreytileg en félagafjöldinn mætti aukast.

- Starfandi Kiwanisfélagar eru nú um 960.
- Samþykktir á verkefnum á umdæmisþingum.
- K-dagurinn, hefur verið um árábil eitt helsta fjáröflunarverkefni hreyfingarinnar og leitt til aukinnar umfjöllunar m.a. um geðheilbrigðismál.
- Hjálmauverkefnið, hefur eftir að það varð árlegt landsverkefni orðið eitt helsta styrktarverkefni og aukið hróður Kiwanis bæði innan lands og utan. Góð samvinna við Eimskip sem styrktaraðila.
- Lífsvísir, vörn gegn sjálfsvígum, verkefni sem unnið er í samstarfi við Landlæknisembættið. Meta þarf verkefnið að nýju með tilliti til ástandsins í samfélaginu.
- Styrktarsjóður umdæmisins. Hefur unnið sér sess og lagt fé af mörkum til sérstakra mála sem upp hafa komið hérlendis og erlendis. Hægt hefur verið að bregðast skjótt við með þessum hætti. Stjórn sjóðsins hefur verið falin samskipti við KI-Foundation. Hefur sameining sjóðanna verið til góðs?
- Stífkrampa verkefnið MNT, Eliminate project er nýtt heimsverkefni sem unnið er í samstarfi við UNICEF. Verkefnið hófst með formlegum hætti á heimsþinginu í Genf í Sviss. Umdæmisstjórn hefur falið styrktarjóði að halda utanum verkefnið. Stefnt er að þátttöku allra klúbba.
- Tryggingasjóður umdæmisins er í góðum rekstri undir sjálfstæðri stjórn.
- Fræðslumál umdæmisins hafa verið í endurskoðun til að gera þau markvissari svo að þau nýtist embættismönnum hreyfingarinnar sem best.
- Fylgja þarf eftir starfi ungliðanefndar með markvissari hætti. Einn byggiendaklúbbur er starfandi og jafnvel einn í burðarliðnum. Gera þarf skýrari stefnu fyrir ungliðastarfið.
- Stofnaðir hafa verið tveir nýir klúbbar þar af einn kvennaklúbbur og einnig einn græðlingsklúbbur.

4. Innri greining.

Starf umdæmisins er nokkuð hefðbundið í dag.

Umdæmisstjórnarfundir.

Umdæmisstjórnarfundir eru um fjórir á ári. Þar eiga sæti í fastastjórn 12 félagar, umdæmisstjóri, fráfaraandi umdæmisstjóri, kjörumdæmisstjóri, erlendur ritari, umdæmisritari, umdæmisféhirðir og fimmsvæðisstjórar, en þessir aðilar eru með atkvæðisrétt. Þar fyrir utan eru nefndarformenn sem sitja þessa fundi og getur því verið um 30 manns sem sitja umdæmisstjórnarfundi. Fyrirverandi umdæmisstjórum eru send fundarboð.

Nýtt svæðaskipulag tekur gildi á starfsárinu 2011-12 og verða svæðin þá 5 í stað 6 og verða Færeyjar sér svæði. Til að auka tengingu við Færeyjar sem velja sinn svæðisstjóra þá getur erlendur ritari umdæmisins einnig vera tengiliður umdæmisstjórnar við Færeyjar

Skrifstofa umdæmisins.

Rekstur skrifstofunnar er á ábyrgð umdæmisstjórnar hverju sinni. Yfirvofandi er sala á húseigninni á Engjateig. Móta þarf stefnu um aðstöðu umdæmisins hvað varðar rekstur og skrifstofu m.a. í samvinnu við klúbba. Þá þarf að taka skjalamál umdæmisins til skoðunar og setja vinnslu gagna í farveg.

Nefndir umdæmisins.

Nefndir umdæmisins eru fjölmargar, samkvæmt reglum KI, þar sem kveðið er á um ákveðnar nefndir á vegum umdæmisins. Auk nefnda sem eru starfandi á hverjum tíma, samkvæmt Handbók umdæmisstjórnar,

Í starfi umdæmisstjórnar á að vera virkt eftirlit með starfi nefnda t.d. með því að Boða formenn nefnda á framkvæmdastjórnarfundi með reglulegu millibili til þess að fara yfir stöðu mála.

Endurvekja Uppstillinganefnd sem hefur það hlutverk að finna aðila til að taka að sér starf umdæmisstjóra.

Fræðsla umdæmisins.

Fræðsla umdæmisins er í stöðugri þróun. Haldin er fræðsla fyrir svæðisstjóra og forseta að vori, og ritara og féhirða í tengslum við umdæmisþing.

Fræðsluefni er nú komið í tölvutækt form og er aðgengilegt á heimasíðu umdæmisins. Klúbbar eru hvattir til að nýta sér þekkingu fræðslunefndar og sækjast eftir fræðslu. Fræðsluefni hefur verið þýtt á dönsku fyrir klúbbana í Færeyjum. Þá er unnið að þýðingu á efni til að styðjast við í stjórnarskiptum og verður það þýtt á Færeysku.

Stofnun klúbba.

Unnið hefur verið að stofnun nýrra klúbba. Stofnun græðlingsklúbba hefur gefið góða raun, helstu sóknarfæri eru í stofnun fleiri kvennaklúbba og klúbba á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölgun félaga.

Lítill fjölgun félaga og gegnumstreymi hefur verið vandamál. Unnið hefur verið gegn gegnumstreymi en ekki nógu markvist. Skoðaðar hafa verið ýmsar leiðir eins og að hafa nýjan félag í aðlögun jafnvel í eitt ár áður en hann er tekinn inn og þá búinn að kynna klúbbum og hreyfingunni. Ef hann tekur þá ákvörðun um að gerast félagi þá eru meiri líkur á að hann verði langtímafélagi.

Þá hefur verið tekin ákvörðun um að leggja niður hina svokölluðu fjölgunarnefnd umdæmisins. Í hennar stað verður til 5 manna útbreiðslunefnd og þriggja manna kvennanefnd sem starfa saman til þriggja ára. Í nýju svæðaskipulagi verða til fimmsvæði og verður myndað teymi í hverju svæði sem í sitja allir kjörforsetar og kjörsvæðisstjóri. Fulltrúi úr útbreiðslunefnd stýrir vinnu teymisins sem felst m.a. í að fjölga félögum. Allir kvennaklúbbarnir eru saman í teymi.

Umdæmisþing.

Umdæmisþing eru haldin einu sinni á ári yfirleitt um miðjan september. Umdæmisþing er æðsta vald umdæmisins og þar á að taka ákvarðanir og samþykka það sem gert hefur verið og áætlanir um það sem framundan er í starfinu.

Fyrri dagur þingsins er yfirleitt notaður til fræðslu verðandi embættismanna, kynningar á nýrri umdæmisstjórn og áherslum hennar. Kynning á verkefnum. Seinni dagur er notaður undir hefðbundin þingstörf.

5. Ytri greining.

Kiwanis hefur jákvæða ímynd hjá almenningi og er hún hreyfingunni verðmæt. Kiwanis hefur skapað sér tækifæri til sóknar t.d. með K-lyklinum og hjálmaverkefnum og fjölmörgum öðrum verkefnum. Klúbbar ættu að kynna styrkveitingar og starf sitt betur í fjölmiðlum sem þeir hafa aðgang að. Leita til fjölmiðlafulltrúa umdæmisins og fá ráðgjöf, einnig að koma allri kynningu á heimasíðuna kiwanis.is.

6. Styrkur, veikleikar, ógnanir, tækifæri.

Styrkur.

Styrkur hreyfingarinnar er óumdeilanlega starf fortíðarinnar og það sem hún hefur gert í styrktarmálum og samþykktum landsverkefnum.

- K- dagurinn á þriggja ára fresti til styrktar geðmálum
- Hjálmaverkefnið, reiðhjólajálmar til allra 7 ára barna á landinu.
- Önnur samþykkt landsverkefni.
 - Stífkrampaverkefnið
 - Lífs-vísis verkefnið
- Virk þátttaka í alþjóðastarfi hreyfingarinnar
- Öflugir félagsmenn og góður félagsandi.
- Öflugt starf klúbba í sinni heimabyggð.
- Jákvætt viðmót – fjölgun félaga

- Aðgerðir umdæmisstjórnar undanfarin ár í að styrkja fjárhagsstöðu umdæmisins hefur skilað góðum árangri.
- Styrktarsjóður Umdæmisins
- Tryggingasjóður Umdæmisins
- Heimasíða Kiwanis “ www.kiwanis.is
- Kiwanisfréttir

Veikleikar.

- Hækkandi meðalaldur í hreyfingunni
- Of fáar konur eru í Kiwanis.
- Markmið ekki tengd stefnumótun
- Ómarkviss féлагаöflun
- Vantar meiri sýnileika
- Vantar meiri kynningu á Kiwanis
- Móttaka og fræðsla nýliða

Ógnanir

- Samkeppni við aðra klúbba og félagsstarf
- Fjárhagserfiðleikar í þjóðfélaginu
- Samkeppni í fjáröflun

Tækifæri.

- Beina sjónum að þeim markhópum sem starf Kiwanis stendur best fyrir.
- Nýta nútímataækni, heimasíða og fleira.
- Kynning á hreyfingunni í tengslum við verkefni eins og Hjálmaverkefnið og K-daginn.
- Fjölgun félaganýjar áherslur
- Kreppan skapar tækifæri.
- Fjölga klúbbum.
- Færa áhugamálin í klúbbastarfið.
- Efla sambönd milli félaga og klúbba.

7. Framtíðarsýn, stefna og hlutverk Kiwanishreyfingarinnar.

Á hverjum tíma þarf að fara fram mat á stöðu og starfi umdæmisins. Hver tími kallar á ný vinnubrögð og nýja sýn. Við þurfum að fylgja vel eftir hugmyndum sem settar hafa verið fram af Kiwanis International:

- Framtíðarsýn KI varðandi fjölgun er að 2015 verði félagatalið ein milljón kiwanisfélagar á 100 ára afmæli

Það þarf að nýta alla nýjustu tölvutækni til aukinnar samvinnu umdæmisins og klúbba. Við þurfum að stóruka kynningu á starfsemi klúbbanna í umdæminu og gera hreyfinguna sýnilegri í því sem hún er að gera og gera það markvisst.

Það er hverju byggðarlagi nauðsynlegt að hafa góðan Kiwanisklúbb starfandi. Það þarf að byggja á því besta sem gert er í dag, og hefur verið frá því að hreyfingin hóf göngu sína, en það þarf að gera það með nýjum útfærslum, auknum þunga og af enn meiri bjartsýni. Kiwanishreyfingin er öflug þjónustuhreyfing sem stendur fyrir merkimálum sem tekið er eftir, en það er undir þeim er við stjórnvölinn eru hverju sinni hvernig til tekst að viðhalda vexti í hreyfingunni og gera gott betra. Kiwanisfélagar geta með sanni verið stoltir af sínum verkum.

Á umdæmisþingi í september 2011 á Hornafirði tekur gildi nýtt fyrirkomulag vegna útbreiðslu og fjölgunarmála innan kiwanishreyfingarinnar.

Verkefnið stendur yfir í þrjú ár frá 2011-2014

- Í útbreiðslunefnd sitja fimm nefndarmenn og þrír í kvennanefnd
 - Umdæmisstjóri velur formenn útbreiðslunefndar og kvennanefndar og aðra nefndarmenn í samráði við þá.
 - Útbreiðslunefnd vinnur í nánu samstarfi við kvennanefnd
 - Formaður kvennanefndar situr fundi útbreiðslunefndar
 - Hægt að skipta út einum nefndarmanni árlega í samráði við umdæmisstjóra á hverjum tíma
 - Sett verða í gang fimm teymi, eitt í hverju svæði
 - Einn nefndarmaður ber ábyrgð á hverju teymi
 - Teymisformenn fá erindisbréf.
 - Í erindisbréfunum kemur fram: hlutverk, skyldur, tilgangur og markmið
 - Formaður útbreiðslunefndar stýrir teymisvinnunni
 - Í hverju teymi eru auk umsjónarmanns teymisins, kjörsvæðisstjóri og kjörforsetar klúbbanna í svæðinu. Fjölmennasta teymið getur því verið skipað 1 kjörsvæðisstjóra og 10 kjörforsetum auk umsjónarmanns.
 - Í erindisbréfi kemur fram tilhögun að vinnulagi hvers teymis
 - Í fjárhagsáætlun umdæmisins er gert ráð fyrir kostnaði vegna verkefnisins
 - Hér að neðan má sjá hvernig skiptingin er. Kvinnaklúbbarnir fjórir verða allir settir í sama teymi, að öðru leyti er teymið nánast hvert svæði.
-
- Teymi 1 Freyjusvæði
Tíu klúbbar – Kjörsvæðisstjóri – Kjörforsetar
 - Teymi 2 Sögusvæði
Sex klúbbar - Kjörsvæðisstjóri - Kjörforsetar
 - Teymi 3 Óðinssvæði
Átta klúbbar - Kjörsvæðisstjóri - Kjörforsetar
 - Teymi 4 Ægissvæði
Sexklúbbar - Kjörsvæðisstjóri - Kjörforsetar
 - Teymi 5 Færeyjasvæði – 2 klúbbar – tengiliður umdæmisstjórn
 - Kvennanefnd 4 klúbbar - Kvennanefndarfulltrúi - Kjörforsetar

Heimasíða og heimasíður.

Heimasíða umdæmisins er öflugur miðill til að miðla upplýsingum til Kiwanisfélaga. Mikilvægt er að síðan verði áfram lifandi og taki þeim breytingum sem tæknin býður upp á. Einnig er hún góður staður til að varðveita gögn sem félagsmenn nota við starf sitt, svo sem fræðslugögn og form. Yfirfara þarf öll gögn reglulega svo þau séu sem réttust.

Klúbbum verði veitt aðstoð við að koma upp og hýsa síður þeirra, sem þá geta tengst aðalsíðu umdæmisins

Kiwanisfréttir.

Það er stefna umdæmisins að halda úti Kiwanisfréttum. Kiwanisfréttir hafa mikið sögulegt gildi með því að halda utan um upplýsingar í máli og myndum um starfsemi hreyfingarinnar.

8. Stefnumótun forgangsverkefni.

Til þess að starfið verði markvissara þarf að setja stefnumótun þar sem unnið er markvist eftir samþykktum markmiðum.

Hér á eftir fara þau atriði er þarf að setja stefnu um og festa í vinnuramma. Það verður dregið á helstu atriðum en framkvæmdin verður síðan í smáatriðum í höndum þeirra er stjórna.

Hlutverk skrifstofu umdæmisins:

Hlutverk skrifstofu skal vera að þjóna Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar.

- Rekstur skrifstofunnar skal vera á ábyrgð umdæmisstjórnar hverju sinni.

Fyrirkomulag fræðslu/gögn.

Halda skal fræðslu fyrir verðandi embættismenn samkvæmt handbók, sem skiptist í:

- Fræðsla fyrir kjörsvæðisstjóra í mars.
- Fræðsla fyrir kjörforseta í apríl er í tengslum við árlega fræðsluráðstefnu.
- Fræðsla verðandi forseta, féhirða og ritara í tengslum við umdæmisþing.
- Gögn vegna fræðslu er handbók sem útbúin er fyrir þessa embættismenn, handbókin er á tölvutæku formi.

Handbók umdæmisstjórnar

Í henni er að finna vinnureglur embættismanna og nefnda.

Fyrirkomulag umdæmisþinga.

- Starfsreglur þingnefndar og breytingar voru samþykktar á umdæmisþingi 2003. Í starfsreglunum segir til um fyrirkomulag umdæmisþinga.
- Staðarval umdæmisþinga fer eftir reglugerð um staðarval umdæmisþinga sem samþykkt var á umdæmisþingi 2005

Fyrirkomulag umdæmisstjórnarfunda.

Fjöldi funda á árinu, að lágmarki 2 en að jafnaði hafa verið haldnir 4 fundir. Fyrirkomulag er ákveðið nánar af umdæmisstjórn hverju sinni. Umdæmisstjórn starfrækir framkvæmdaráð sem í sitja fráfaramandi umdæmisstjóri, umdæmisstjóri, kjörumdæmisstjóri verðandi kjörumdæmisstjóri, ritari, erlendur ritari og féhirðir Fundir eru haldnir minnst einu sinni í mánuði og fylgir eftir málum á milli umdæmisstjórnarfunda.

Svæði.

Tillögur um breytingar voru lagðar fram á umdæmisþingi í Kópavogi í september 2010 og samþykkt nýtt svæðaskipulag sem tekur gildi að loknu umdæmisþingi á Hornafirði í september 2011.

Helstu breytingar eru þessar. Svæðum er fækkað úr 6 í 5. Eddusvæði og Þórssvæði sameinast í nýtt Freyjusvæði. Færeyjar verða nýtt svæði með klúbbunum í Færeyjum. Svæðin eru eftirfarandi: Freyjusvæði með 10 klúbba, Færeyjasvæði með 3 klúbba, Grettissvæði var sameinað í Óðins-og Sögusvæði. Sögusvæði með 6 klúbba, Óðinssvæði með 9 klúbba og Ægissvæði með 8 klúbba.

Fyrirkomulag svæðisráðsfunda.

- Fjöldi funda er mismunandi eftir svæðum.
- Ákvörðun um fyrirkomulag funda skal vera í höndum viðkomandi svæðisstjórnar.
- Nýta má svæðisráðsfundi fyrir fræðslu.
- Hafa fundi eftirsóknarverða þannig að félagar sækist eftir að mæta á svæðisráðsfundi.

Samræmt félagatal.

- Viðhalda þarf sameiginlegum gagnagrunni fyrir félagatal Kiwanishreyfingarinnar. Í hverjum klúbba verði skipaður ákveðinn tengiliður sem er ábyrgur fyrir að uppfæra félagatal reglulega og koma upplýsingum til umsjónarmanns félagatals umdæmisins. Gagnagrunnurinn skapar ótal tækifæri til upplýsingagjafar og þá stefnir heimsstjórn á tölvuvæðingu allrar skýrslugerðar innan nokkurra ára.

Með þessari framkvæmd verður best tryggt að félagatal sé sem réttast og reglulega uppfært og tryggi enn betur að innheimta sé í samræmi við réttan fjölda.

Viðurkenningar:

- Fyrirmyndarklúbbur. Á umdæmisþingi er veitt viðurkenning til fyrirmyndarklúbba samkvæmt samþykktri viðmiðun.
- Fjölmíðlabíkarinn er veittur fyrir athyglisverðustu fjölmíðlakynninguna.
- Viðurkenning fyrir athyglisverðasta styrktarverkefnið.
- Veita skal viðurkenningar vegna félagafjölgunar í samræmi við ákvörðun KI
- Heimild til þess að veita viðurkenningu vegna einstaks framlags til málefna er tengjast markmiðum Kiwanis.

Sjóðir

- Styrktarsjóður KIF Kiwanis International Foundation
- Styrktarsjóður Umdæmisins
- Tryggingasjóður Kiwanis

Fjármál:

Fjárhagsnefnd hefur unnið vel undanfarin ár og skilað árangri.

9. Framkvæmdaáætlun

2011-12:

- Útbreiðslunefnd útbúi áætlun sem innihaldi tilgang og markmið nefndarinnar með sérstaka áherslu á fjölgun félaga og stofnun nýrra klúbba. Fulltrúar nefndarinnar heimsæki klúbba og svæðisráðsfundi og kynni áherslur sínar. Um er að ræða þriggja ára áætlun.
- Fræðslunefnd heimsækir klúbba og ræðir áherslur sínar á innra starfi klúbba undir yfirskriftinni „10 atriði til að gera góðan klúbb betri“.
- Aukin tenging við klúbbana og nýtt svæði í Færeyjum. Unnið er að þýðingu á fræðslufni fyrir Færeyjar.
- Umdæmisstjórn kanni kosti og galla á því alþjóðlega samstarfi sem hreyfingin tekur þátt í og þeim kostnaði sem af því hlýst.
- Skipa K-dagsnefnd.
- Setja stefnu/rammaáætlun um ungliðamál hreyfingarinnar
- MNT verkefnið er stórverkefni til næstu 5 ára. Gera þarf áætlun í samvinnu við Styrktarsjóð um hvernig við vinnum að verkefninu og samstarf við Unicef verður háttað.
- Netnefnd hreyfingarinnar setji sér stefnu/aðgerðaráætlun varðandi framtíðarsýn í netmálum hreyfingarinnar og skoði aðra möguleika í samskiptum
- Kynningar-og ímyndarmál hreyfingarinnar má gera betur skil. Upplýsinga-og blaðafulltrúi leiði þá vinnu að kannað verði hvort við séum á réttri leið og hvað má gera betur varðandi ímyndun og kynningu á starfi hreyfingarinnar.
- Laganefnd yfirfari klúbbalögin og samræmi með hliðsjón af alþjóðalögum. Huga þarf að þýðingu umdæmislaganna á færeysku

2012-13:

- Skoða og endurmeta þau atriði sem lögð var áhersla á 2011-2012.
- Raunfjölgun félaga fari yfir 1000 á þessu starfsári.
- Nýta tækifærið til fjölgunarátaks kvenna í hreyfingunni er kona tekur í fyrsta skipti við starfi umdæmisstjóra.

- Hafinn verði undirbúningur til að minnst þess að hreyfingin á Íslandi fagnar 50 ára afmæli 2014 og 100 ár verða frá stofnun Kiwanis árið 2015

2013-14:

- K-dagur.

Endurskoðun og undirbúningur á nýrri stefnumótun Kiwanishreyfingarinnar.